



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 30. júní, 2008

Ákvörðun nr. 39/2008

Samruni Línuhönnunar hf. og Verkfræðistofu Suðurlands ehf.

I.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. mars 2008, vakti eftirlitið athygli Línuhönnunar hf. (LH) og Verkfræðistofu Suðurlands ehf. (VS), á því að frétt sem birt var á heimasíðu LH (<http://www.linuhonnun.is>) þann 29. febrúar 2008, um að ákveðið hafi verið að LH og VS myndu renna saman og að ákvörðunin hafi verið staðfest á hluthafafundum beggja fyrirtækjanna, gæti hugsanlega falið í sér samruna sem væri tilkynningaskyldur samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið lagði því fyrir LH og VS að tilkynna á réttan hátt um framangreindan samruna.

Með bréfi, dags. 6. júní 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna LH og VS, sbr. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga (hér eftir nefndir samrunaaðilar). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá. Samrunaskránni fylgdu jafnframt ýmis gögn um samrunann, s.s. samþykktir hluthafafundar, drög að samningi um kaup á hlutafé í VS, fréttatilkynning, auk frekari gagna um bæði félögin, s.s. skýrslur Lánstrausts hf. Þá fylgdu ársreikningar beggja félaganna vegna árána 2006 og 2007 þar sem er m.a. að finna upplýsingar um veltu þeirra. Segir að um sé að ræða samruna á þann hátt að VS verði sjálfstætt dótturfélag að fullu í eigu LH. Hluthafar VS fá hlutabréf í LH í skiptum fyrir hlutabréf sín í VS.

Í tilkynningunni var auk þess farið fram á að Samkeppniseftirlitið veitti samrunaaðilum undanþágu í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 881/2005, til að skila samrunaskrá sem innihéldi upplýsingar í samræmi við kafla 2-9 í viðauka við framangreindar reglur. Farið var fram á undanþáguna þar sem lögð hafði verið fyrir Samkeppniseftirlitið þann 6. júní 2008, samrunaskrá vegna samruna Línuhönnunar hf., Verkfræðistofunnar Afls hf. og Raftæknistofunnar hf. Allar upplýsingarnar sem vörðuðu LH kæmu því fram í þeirri samrunaskrá og þær markaðsskilgreiningar sem þar kæmu fram ættu einnig við um þann markað sem VS starfaði á.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. júní 2008, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að beiðni þeirra um undanþágu á grundvelli 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 881/2005, uppfyllti ekki tímamörk 2. mgr. 7. gr. reglnanna. Auk þess væri ljóst að upplýsingarnar í samrunaskránni vegna samruna Línuhönnunar hf., Verkfræðistofunnar Afls hf. og Raftæknistofunnar hf. ættu ekki við um VS, og þá sérstaklega þær upplýsingar sem fram kæmu í þriðja kafla í samrunaskránni varðandi eignarhald og yfirráð og í kafla fjögur varðandi persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur. Veittur var frestur til 27. júní 2008, til að



laga umrædd atriði, auk þess sem samrunaaðilum var bent á að þrjátíu daga frestur Samkeppniseftirlitsins væri ekki byrjaður að líða með vísan til 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 881/2005.

Með bréfi, dags. 23. júní 2008, barst ný og fullnægjandi samrunaskrá vegna samrunans þar sem framsetningin miðaðist við viðauka í reglum nr. 881/2005¹. Samrunaskránni fylgdu jafnframt ýmis viðbótargögn um samrunann þ.á m. undirritaður kaupsamningur dags. 12. júní 2008, um kaup á hlutafé í VS. Ennfremur kom fram að um væri að ræða samruna á þann hátt að VS yrði sjálfstætt dótturfélag að fullu í eigu LH. Hluthafar VS fengju hlutabréf í LH í skiptum fyrir hlutabréf sín í VS.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 24. júní 2008, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að fullnægjandi tilkynning um samrunann hefði borist stofnuninni og að 30 daga frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefði til þess að taka afstöðu til samrunans, sbr. 17. gr. samkeppnislaga, miðaðist við dagsetningu á tilkynningunni.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 24. júní 2008, óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um heildartekjur VS, án virðisaukaskatts fyrir árið 2007, flokkað eftir því um hvers konar verkfræðiráðgjöf væri að ræða. Frestur til að skila umræddum gögnum og upplýsingum var veittur til 1. júlí 2008. Með tölvupósti, dagsettum 27. júní 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið um að eftirlitið hefði umræddar tekjuupplýsingar undir höndum og ekki væri þörf á að skila þeim aftur.

II.

Samrunaaðilar eru tveir, LH og VS sem báðir starfrækja verkfræðistofur. Í tilkynningunni kemur fram að LH sé alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfi á flestum sviðum verkfræði, á innlendum og erlendum mörkuðum. Samkvæmt heimasíðu LH (<http://www.linuhonnun.is>) skiptast starfssvið LH í Jarðtæknisvið, Orkusvið, Umferðar- og skipulagssvið, Vega- og byggðasvið, Viðhalds- og byggingarsvið, Nýbyggingarsvið, Rannsóknarstofu, Umhverfissvið, Verkefnastjórnarsvið og Öryggissvið.

Um VS segir að fyrirtækið sé verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem bjóði fram ýmsa verkfræðiþjónustu. Á heimasíðu VS (<http://www.verksud.is>) kemur fram að VS veiti alla almenna verkfræðiþjónustu á sviði byggingarverkfræði, lagnahönnunar og framkvæmdastjórnunar.

Í samrunaskránni segir að LH og VS hafi á undanförunum árum unnið sameiginlega að ýmiskonar verkefnavinnu og samstarfi. Markmið með samrunanum væri að skapa öfluga og arðsama verkfræði- og ráðgjafarsamsteypu á landsvísu með víðtæk markaðstengsl, fjölbætt þjónustuframboð og sterkan mannauð, fyrirtækjasamsteypu sem réði við þátttöku í öllum verkefnum innanlands og hefði góða burði til frekari sóknar á erlendum mörkuðum. Stefnt væri að vexti á öllum starfsstöðvum.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



III.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur samruni LH og VS í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftilit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna LH og VS á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 12. júní 2008, var ákveðið að sameina Línuhönnun hf. og Verkfræðistofu Suðurlands ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson